



Fundur háskólaráðs 11. október 2007

Fundargerð

Málsnúmer: HI07010035
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundir, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Margrét Ludwig
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 09.10.2007
Dags: 11.10.2007

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (690169-2039)
Aðalbyggingu v/Suðurgötu
101 Reykjavík
Sími: 525 4000
Fax: 552 1331

13/2007

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2007, fimmtudaginn 11. október var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 10.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir (varamaður Birnu Arnbjörnsdóttur), Helgi Þorbergsson, Erna Kristín Blöndal, Inga Jóna Þórðardóttir, Ólafur Þ. Harðarson, Rúnar Vilhjálmsson, Þórdís Kristmundsdóttir og Þórir Hrafn Gunnarsson. Matthías Páll Imsland boðaði forföll. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og hún samþykkt.

1. Mál á dagskrá

1.1 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands. Lokatillögur starfshóps háskólaráðs sem lagðar verða fram á háskólafundi 19. október 2007.

Inn á fundinn kom Jón Atli Benediktsson, þróunarstjóri og aðstoðarmaður rektors. Ólafur Þ. Harðarson, formaður starfshóps háskólaráðs um endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands, gerði grein fyrir lokatillögum starfshópsins. Einnig greindi rektor frá viðræðum sínum við forseta lagadeildar, viðskipta- og hagfræðideildar og félagsvísindadeildar, sbr. samþykkt háskólaráðs 20. september sl. Lokatillögur starfshópsins voru ræddar ítarlega. Bornar voru upp níu breytingartillögur:

1. Í III. kafla, bls. 8 verði felld niður töluleg viðmið um lágmarksfjölda nemenda og kennara, þ.e. svigasetningarnar „(t.d. 200 að lágmarki)“ og „(t.d. 10 að lágmarki)“.
- Samþykkt einróma.
2. Í IV. kafla, bls. 13 (lið 2.1.1) falli niður ákvæði um hámarksráðningartíma forseta fræðasviðs, þ.e. orðin „og getur að hámarki verið tíu ár“.
- Samþykkt öllum greiddum atkvæðum gegn einu.
3. Í IV. kafla, bls. 13 (lið 2.1.1), þar sem segir að „ráðningartími forseta fræðasviðs er fimm ár í senn“, bætist við orðin „og að þeim tíma verði starfið auglýst að nýju“.
- Tillagan var felld. Einn greiddi atkvæði með tillögunni en aðrir voru á móti.
4. Í IV. kafla, bls. 10-11 (lið 1.2.1), þar sem segir að rektor geti „mest setið tvö kjörtímabil“, bætist við orðið „samfellt“.
- Samþykkt einróma.
5. Í IV. kafla, bls. 10 (lið 1.1.1), þar sem talið er upp hverjir skipa háskólaráð, bætist við á eftir orðunum „tveimur fulltrúum stúdenta“ orðin „fulltrúi Félags

háskólakennara og Félags prófessora“.

- Tillagan var felld á jöfnum atkvæðum, en þrír greiddu atkvæði með tillögunni, þrír voru á móti og þrír sátu hjá.
- 6. Í IV. kafla, bls. 10 (lið 1.1.2), þar sem fjallað er um útteilingu fjár á vettvangi háskólaráðs, bættist við á eftir orðunum „Við útteilingu fjárveitinga til fræðasviða“ orðin „og deilda“.
 - Samþykkt einróma.
- 7. Í IV. kafla, bls. 13 (lið 2.1.1), þar sem fjallað er um hæfniskröfur til forseta fræðasviða, falli niður orðin „að jafnaði“ á undan „hafa prófessorshæfi“.
 - Tillagan var felld. Einn greiddi atkvæði með tillögunni en aðrir á móti.
- 8. Í IV. kafla, bls. 13 (lið 2.1.1), þar sem fjallað er um hæfniskröfur til forseta fræðasviða, falli niður orðið „víðtækrar“ á undan „reynslu af stjórnun og stefnumótun“.
 - Tillagan var felld. Einn greiddi atkvæði með tillögunni en aðrir á móti.
- 9. Í tillögunum verði almennt vikið frá því að forsetar fræðasviða hafi með höndum tímabundna ráðningu akademískra starfsmanna og skiptingu starfsskyldna þeirra og formönnum deilda verði falið þetta hlutverk í staðinn.
 - Tillagan var felld. Einn greiddi atkvæði með tillögunni en aðrir á móti.

1.2 Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2008.

Rektor gerði grein fyrir helstu atriðum er snerta Háskóla Íslands í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2008. Málið var rætt.

- Samþykkt einróma að fela rektor að fylgja eftir kröfum Háskóla Íslands gagnvart menntamálaráðherra og fjárlaganefnd Alþingis.

1.3 Samkeppni um heiti á Háskólatorgi 1, Háskólatorgi 2 og tengibyggingu.

Rektor gerði grein fyrir niðurstöðu dómnefndar sem skipuð var byggingarnefnd Háskólatorgs og framlagðri greinargerð um niðurstöðu samkeppni um nöfn á þeim byggingum sem kallaðar hafa verið Háskólatorg I, Háskólatorg II og tengibyggingar á milli þeirra. Lagði dómnefndin til að Háskólatorg I muni heita „Háskólatorg“, Háskólatorg II muni bera eitt eftirtalinna þriggja heita, „Gimli“, „Edda“ eða „Heimskringla“ og tengibyggingin muni heita „Tröð“. Málið var rætt vandlega.

Rektor bar fyrst upp tillögu um að Háskólatorg I skuli heita „Háskólatorg“.

- Samþykkt einróma.

Næst bar rektor upp tillögu um að Háskólatorg II skuli heita „Gimli“

- Samþykkt samhljóða, en fulltrúi félagsvísindasviðs sat hjá.

Loks bar rektor upp tillögu um að tengibygging á milli Háskólatorgs I og Háskólatorgs II skuli heita „Tröð“.

- Samþykkt einróma.

1.4 Inntaka nemenda í janúar 2008.

Rektor gerði grein fyrir framlagðri tillögu kennslusviðs um inntöku nýnema. Málið var rætt.

- Samþykkt einróma.

1.5 Bygging fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. Staða mála.

Rektor gerði grein fyrir stöðu mála og framtíðaráformum varðandi byggingu fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. Málið var rætt og lýstu ráðsmenn ánægju með þróun málsins.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Frumvarp til laga um brottfall laga nr. 25 frá 27. júní 1921 um einkaleyfi handa

Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

ekki gert.

kl. 13.10.

Fleira var

Fundi slitið